

SKOTSVÆÐI Í NÁGRENNI HÖFUÐBORGARINNAR

Áfangaskýrsla - kostamat fyrir mögulegar staðsetningar

21.06.2023



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

KOSTAMAT

SKJALALYKILL

102831-SKY-001-V01

TITILL SKÝRSLU

Skotsvæði í nágrenni höfuðborgarinnar

Áfangaskýrsla– kostamat fyrir mögulegar staðsetningar

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

01/50

VERKHEITI

Staðarval – Skotæfingarsvæði höfuðborgarsvæðisins

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Haraldur Sigurðsson

Umhverfis- og skipulagssvið

VERKKAUPI

Eignasjóður Reykjavíkurborgar

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir

HÖFUNDUR

Aron Geir Eggertsson

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir

LYKILORÐ

Skotsvæði, skotæfingasvæði, skotíþróttir, kostamat, umhverfi, umhverfisþættir

STAÐA SKÝRSLU

☐ Í vinnslu

☐ Drög til yfirlestrar

☒ Lokið

DREIFING

☐ Opin

☒ Dreifing með leyfi verkkaupa

☐ Trúnaðarmál

ÚTDRÁTTUR

Starfshópur, á vegum Reykjavíkurborgar, hefur verið skipaður til að finna nýja staðsetningu fyrir skotíþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn hefur velt upp fjölmörgum hugmyndum að staðsetningum sem margar hafa áður verið nefndar til sögunnar og jafnframt bætt við nýjum möguleikum. Í þessari áfangaskýrslu eru allar þessar staðsetningar teknar í gegn um kostamat þar sem annars vegar er horft til áhrifa á umhverfi og hins vegar aðstæðna fyrir skotsvæði. Kostamatið er skrifborðsúttekt og byggir á rýni á kostunum með starfshópnum. Viðbúið er að við frekari rýni komi fram nýjar upplýsingar sem geta gert kost álitlegri eða síðri.

Starfshópurinn hefur valið staðsetningar til nánari skoðunar og hluti af þeirri rýni verður t.a.m. samtal við sveitarfélög og skotveiðifélög.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Aron Geir Eggertsson Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	19.06.23	Anna Rut Arnardóttir	20.06.23	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	21.06.23

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1 EFNISYFIRLIT

1 EFNISYFIRLIT 3
2 INNGANGUR 4
2.1 Almennt 4
2.2 Aðferðafræði við kostamat 5
2.3 Viðmið 7
3 STAÐSETNING VALKOSTA 9
4 MAT Á VALKOSTUM 10
1. Norðurkot á Kjalarnesi 10
2. Dalsmynni á Kjalarnesi 12
3. Stardalur 1 14
4. Stardalur 2 16
5. Við Nesjavallarveg 18
6. Varmidalur (við Norðurgrafarveg) 20
7. Reynisvatnsheiði, norðan Langavatns 22
8. Reynisvatnsheiði, sunnan Langavatns 24
9. Reynisvatnsheiði, Hólmsheiði 26
10. Miðdalsheiði við Nesjavallarleið 29
11. Miðdalsheiði við Stangarhól 31
12. Seljadalur 33
13. Lyklafell-Sandskeið, norðan Þjóðvegar 1 35
14. Álfsnes 37
15. Norðurgröf 39
16. Selhraun í Hafnarfirði 41
17. Vatnsleysuheiði 43
18. Bolalda 45
5 SAMANTEKT ALLRA VALKOSTA 47
6 VINSUN VALKOSTA 48
7 SAMANTEKT VALKOSTA SEM TEKNIR VERÐA TIL FREKARI SKOÐUNAR 50

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

TIL ATHUGUNAR:

Staðsetning valkosta er gróf og byggir á því að þetta er hugmyndavinna og skrifborðsúttekt með starfshópi Reykjavíkurborgar. Fyrir valkosti utan Reykjavíkur verður haft samráð við viðkomandi sveitarfélag um afstöðu þess til valkostarins í næsta áfanga. Fram kemur í kostamatinu hvort land er í eigu einkaaðila eða sveitarfélags, þar sem slíkar uppl. liggja fyrir.

2 INNGANGUR

2.1 Almennt

Á fundi skipulagsfulltrúa, dags. 24. apríl 2020, var samþykkt umsögn skipulagsfulltrúa þess efnis að fela verkefnisstjórum skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við gerð tillagna að staðsetningu fyrir nýtt framtíðar skotsvæði í Reykjavík. Undanfari þess var erindi frá íbúaráði Kjalarness 12. desember 2019, vegna mengunar tengdri skotsvæðinu á Álfsnesinu (sjá mynd 1.1). Í bókun íbúaráðsins segir… " í ljósi þess að íbúar og landeigendur hafa kvartað á annan áratug vegna skotæfingasvæðanna við Kollafjörð ályktar íbúaráð Kjalarness þess efnis að farið verði í það hið bráðasta að leysa úr þessum ágreiningi. Æfingasvæðunum verði fundinn nýr staður þar sem sátt ríki um þessa starfsemi." Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á blý- og hávaðamengun vegna starfseminnar". Erindið var einnig til umræðu á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur þann 19. febrúar 2020.

Í umsögn skipulagsfulltrúa var farið yfir skipulagslega stöðu svæðisins, tengt aðal- og deiliskipulagi, en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Einnig var sagt frá því að Skotveiðifélag Reykjavíkur hafi haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár og að íbúar í nágrenni svæðisins hafi látið í ljós óánægju sína með hávaða frá æfingarsvæðinu árum saman.


Skotsvæðinu á Álfsnesi hefur nú verið lokað. Í þessari áfangaskýrslu eru hugmyndir að nýrri staðsetningu fyrir skotsvæði á höfuðborgarsvæðinu metnar. Umsjón með verkefninu eru í höndum starfshóps sem Haraldur Sigurðsson hjá umhverfis- og skipulagssviði leiðir.



MYND 2.1 Aðstæður núverandi skotsvæðis á Álfsnesi, mynd tekin 2022

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skotfélag Reykjavíkur og SKOTREYN hafa haft til tímabundinna afnota um 40 hektarar svæði á Álfsnesi, sem staðsett er á norð-vestur hluta Álfsness, norður af núverandi urðunarstað SORPU, og á landi í eigu Reykjavíkurborgar. Skotsvæðið hefur verið hugsað til tímabundinna afnota, þar sem aðalskipulag Reykjavíkur gerir ekki ráð fyrir skotsvæði þar heldur um 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði með lóðum undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Þá er gert ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð á svæðinu vestanverðu með landfyllingum og varnargörðum.



MYND 2.2 Skjáskot úr Aðalskipulagi Reykjavíkur. Á myndinni má sjá lóð Reykjavíkur sem notuð hefur verið undir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur og SKOTREYN á Álfsnesi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið skráð sem I2[1] .

2.2 Aðferðafræði við kostamat

Í þessari skýrslu er farið yfir 18 valkosti fyrir staðsetningu skotsvæðis fyrir höfuðborgina. Fyrir hvern valkost er lagt mat á þá umhverfisþætti sem helst geta orðið fyrir áhrifum og jafnframt eru valkostirnir metnir m.t.t. aðstæðna fyrir starfsemina. Staðsetning hvers valkostar er sýnd á korti, byggt á þeim hugmyndum sem hafa komið fram. Hverju korti fylgir mynd sem er klippt út úr aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og eru þau gögn fengin úr skipulagssjá Skipulagsstofnunar eða vefsjá um stafrænt aðalskipulag sem einnig er hýst hjá Skipulagsstofnun. Staðsetning kostanna er oft gróf enda er aðeins um hugmyndavinnu að ræða á þessu stigi. Kostamatið er skrifborðsúttekt og byggir á rýni á kostunum með starfshópnum. Viðbúið er að við frekari rýni komi fram nýjar upplýsingar sem geta gert kost álitlegri eða síðri.

[1] Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/AR2040_utgafa_screen_0.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, bæði jákvæðum eða neikvæðum, og lagðar fram spurningar til að meta áhrif á umhverfisþáttinn. Einnig eru settar fram spurningar til að meta aðstæður fyrir starfsemi skotsvæðisins á viðkomandi stað. Matsspurningarnar eiga sér bakgrunn í íslenskum og erlendum stefnuskjölum á sviði skipulags- og umhverfismála, viðmiðum úr stefnu og umhverfismati aðalskipulags Reykjavíkur, íslenskum lögum.

Ekki er lagt mat á mikilvægi hverrar spurningar og getur vægi þeirra verið mismunandi þegar kemur að því að meta hvaða staðir henta best og hverjir henta síður.

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðkomandi svæði?
		Er þörf á að reistar séu háar hljóðmanir á svæðinu, hærri en venjubundið er? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?
		Er svæðið innan Græna trefilsins?
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.m.k. 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Spurningum um hvern þátt er svarað með því að gefa einkunn samkvæmt litakóða, sem hér segir:

Umhverfisáhrif eru lítil eða engin/aðstæður henta gefnum kröfum
Umhverfisáhrif eru í meðallagi/aðstæður henta gefnum kröfum í meðallagi eða þarfnast ferkari athugunar
Umhverfisáhrif eru talsverð/aðstæður henta ekki gefnum kröfum

2.3 Viðmið

Við kostamatið er stuðst við eftirfarandi viðmið:

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg takmörk á viðeigandi svæði?	Hljóðstig fer ekki yfir viðmiðunarmörk, sbr. reglugerð um hávaða 724/2008
			Óvíst, þörf á frekari rannsóknum
			Hljóðstig fer yfir viðmiðunarmörk, sbr. reglugerð um hávaða 724/2008
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Land hallar ekki að nærumhverfi sem er viðkvæmt fyrir ónæði
			Land hallar að nærumhverfi sem er viðkvæmt fyrir ónæði
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	>2 km í næstu byggingu, gönguleið eða þar sem fólk er á ferðinni
			1-2 km í næstu byggingu, gönguleið eða þar sem fólk er á ferðinni
			<1 km í næstu byggingu, gönguleið eða þar sem fólk er á ferðinni
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Allt svæðið er nú þegar raskað
			Svæðið er að hluta til raskað
			Svæðið er óraskað
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	>2 km
			1-2 km
			<1 km
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Nei
			Já


Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026


FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Nei
			Já
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
			Já
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
			Já
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Nei
			Já
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni annars konar verndar?	Nei
			Já
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	<10 km loftlína frá þungamiðju búsetu í RVK
			10-20 km loftlína frá þungamiðju búsetu í RVK
			>20 km loftlína frá þungamiðju búsetu í RVK
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað framkvæmdarsvæði?	Já
			Nei
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.m.k. 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Svæðið býður upp á lágmark 40 ha
			Svæðið býður upp á 20-40 ha
			Svæðið býður upp á minna en 20 ha
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Svæðið er undir 200 m y.s.
			Svæðið er 200-250 m y.s.
			Svæðið er meira en 250 m y.s
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Nei
			Já
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já
			Nei
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Já
			Nei
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Já
			Nei

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

3 STAÐSETNING VALKOSTA

Yfirlit yfir staðsetningu valkosta má sjá á eftirfarandi kortum.






Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4 MAT Á VALKOSTUM

1. Norðurkot á Kjalarnesi




FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Staðsetning í námu innan um landbúnaðarsvæði – föst búseta stutt frá.
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venja er? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Líklegt að það þyrfti háar manir til að dempa hljóð. Aðstæður til þess eru góðar.
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Þarfnast skoðunar við hönnun. Stutt í fasta búsetu á bæjum. Svæðið er nálægt Hvalfjarðarvegi. Lítil umferð á vegum.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Svæðið er þegar raskað. Miklir möguleikar á landmótun og gæti landmótun haft jákvæð áhrif á ásýnd. Ásýnd svæðisins er ekki góð.
		Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Samansafnið Kiðafelli er í nálægð við svæðið sem er

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða		safn með menningar- og stríðsminjum
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Nei
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Nei. Svæðið einkennist að miklu leiti af túnum og beitilendi.
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Ólíklegt að gróður með hátt verndargildi muni raskas. Mögulega litlir mýrlendisflákar í nágrenni námunnar. Leirur eru nálægt svæðinu sem líklega laða að mikið fuglalíf.
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Ströndin og ósmelur er á náttúruminjaskrá vegna jarðminja. Stór jökulgarður frá síðjökultíma.
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	U.þ.b. 19,5 km loftlína frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.mk 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Sveitabæir og Samansafnið á Kiðafelli
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Land í einkaeigu. Svæðið er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Er gömul náma sem hefur verið synjað um áframhaldandi starfsleyfi. Er efnistökusvæði E1 í aðalskipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

2. Dalsmynni á Kjalarnesi




FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Já. Svæðið er nálægt bæjum og athafnasvæði
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Nálægt Vesturlandsvegi, sem er fjölfarinn. Einnig nálægt athafnastarfsemi á Melavöllum, þar er kjúklingabú. íbúðarhúsið Melagerði í nálægð við svæðið. Bæir sem standa mjög nálægt fyrirhuguðu svæði.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Svæðið er þegar raskað en hefur verið grætt upp að einhverju leyti. Miklir möguleikar á landmótun.
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Grundarhverfi um 3,5 km fjarlægð frá svæði. Engin frístundabyggð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
			Stutt í Blikdal, gönguleið austan Vesturlandsvegar með litlum fossum (aðdráttarafl er miðlungs)
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Nei
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Já. Blikadalur (2-3 km)
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Þekktar friðlýstar fornminjar norðan og austan svæðisins. Engar skráðar á svæðinu sjálfu en gæti kallað á frekari úttekt.
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Mikilvæg fuglasvæði í næsta nágrenni (fjaran/grunnsævin og Andríðsey). Andríðsey er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði og er á náttúruminjaskrá. Eyjan er þó nokkuð frá (3,5 km loftlína). Fáskrúðugt gróðurlíf með lágt verndargildi
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	U.þ.b. 16,3 km loftlína frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.mk 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Kjúklingabú, Blikadalur, íbúðarhús, fuglalíf
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Nei
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Land í einkaeigu. Svæðið er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Er landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

3. Stardalur 1




FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Nei. Kanna þarf þó endurkast í tengslum við skotstefnur o.fl.
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Nei. Þingvallavegur liggur fram hjá svæðinu en ætti að vera auðvelt að tryggja öryggi.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Nei. Skotsvæðið gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd og landslag
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Já
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Skíðasvæðið í Skálafelli Veiði í Leirvogsvatni/Bugðu Stutt í Þingvallarþjóðgarð (rétt rúmir 3 km að mörkum) Reiðleið í gegnum svæðið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Fólkvangur í Bringum og Þingvellir
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Nokkuð um lítt röskuð votlendi sem eru líkleg til að verða fyrir raski. Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en líklega er svæðið með líflegt fuglalíf (miðað við gróðurfar og vötn). Fjölskrúðugt gróðurfar
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 22 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já, Þingvallavegur. Þó þörf á að byggja upp aðkomuveginn til suðurs frá Þingvallavegi
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.mk 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Svæðið er liklega rétt undir mörkum.
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Ekki í næsta nágrenni en Þingvellir (3 km), Skálafell (5-6 km), Fólkvangur í Bringum (4,6 km) eru nærri.
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já, líklega. Þingvallavegur er til norðurs en nokkur fjarlægð er upp á veg.
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Land í einkaeigu. Svæðið er innan lögsagnarumdæmis RVK.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Opið svæði OP31 í aðalskipulagi og er hluti af græna treflinum við Esjurætur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4. Stardalur 2




FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Nei, þarf að kanna möguleg áhrif endurkasts.
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Nei. Þó nálægt Þingvallavegi, sem er fjölfarinn.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Nei. Uppbygging gæti haft neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Ekki í mikilli nálægð en nokkur svæði í nágrenninu: Skíðasvæði í Skálafelli, 5-6 km frá gönguleið á Móskarðshnúka. Reiðleið í gegnum svæðið
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Já
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Um það bil 6-7 km frá kyrrlátu svæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Móar. Hugsanlega flákar af votlendi. Ekki mikilvægt fuglasvæði er þó má áætla að þarna séu mófuglar og fuglar sem sæki í votlendið. Áhrif á gróðurfar og fuglalíf yrðu sennilega minni ef svæðið yrði fært örlítið nær veginum að Skálafelli
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 22 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað framkvæmdarsvæði?	Þingvallavegur en þörf á nýjum vegi að svæðinu sjálfu
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.m.k. 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum framkvæmdarinnar?	Skálafell, bærinn Stardalur
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Land í einkaeigu. Svæðið er innan lögsagnarumdæmis Rvk.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Opið svæði OP31 í aðalskipulagi og hluti af græna treflinum við Esjurætur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

5. Við Nesjavallarveg




FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Nei
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Sennilega ekki. Staðsetning er ekki nógu nákvæm til að segja til um það en það er einungis hætta sem stafar að Nesjavallavegi
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Nei. Uppbygging er líkleg til að valda neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Útivistarsvæði við Hengil. Svæðið er vinsælt meðal skíðagöngufólks. Ekki víst að hljóð myndi þó hafa neikvæð áhrif á útivist á Hengli. Reiðleið í gegnum svæðið.
		Er svæðið innan Græna trefilsins	Nei
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Svæðið er ekki skilgreint sem ósnortið víðerni en svæðið er fremur kyrrlátt fyrir. Skotsvæði er líklegt til að raska næði sem er á svæðinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Já, að hluta. Þörf á frekari afmörkun svæðis og skoðun skilmála. Það ætti að vera hægt að færa starfsemi út fyrir vatnsverndarsvæðið
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu– eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Fáskrúðugt gróðurfar. Einkennist af móum og heiðum. Líklega eru mófuglar á svæðinu. Þarf að kanna gróðurfar og fuglalíf betur
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Mikilvæg stofnæð hitaveitu sem þarf að hafa í huga vegna öryggisfjarlægða.
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 22 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.m.k. 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Já
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Nei
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Svæðið er innan lögsagnarumdæmis Ölfus, Grímsness- og Grafningshrepps og Mosfellsbæjar.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Óbyggt svæði skv. aðalskiplagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

6. Varmidalur (við Norðurgrafarveg)



FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Hugsanlega. Þarf að kanna betur
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Líklega. Þörf á frekari skoðun.
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Lítil umferð um svæðið og nokkur fjarlægð frá stofnvegum. Nokkur byggð í nágrenninu og hugsanlega búfénaður. Getur verið erfitt að stýra skothættu vegna öryggis. Leirvogsá er stutt frá svæðinu og hún er


Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
			veiðiá með umferð veiðimanna.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Svæðið er mikið raskað. Uppbygging gæti haft jákvæð áhrif á landslag og ásýnd. Miklir möguleikar á landmótun. Veiðisvæði í Leirvogsá
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Nei
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Esjan er um 3,5 km fjarlægð. Í ljósi þess að skothvellir heyrist frá skotsvæðinu í Álfsnesi að Esju þá er líklegt að þeir muni heyrast frá Varmadal. Aðliggjandi nærumhverfi einkennist af landbúnaðarsvæði, túnum og búskap.
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Nei
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu– eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Svæðið er mikið raskað og nágrenni þess ræktað. Lúpínubreiður í næsta nágrenni raskaða landsins. Gróðurfar er því fáskrúðugt en gera má ráð fyrir nokkru fuglalífi í lúpínubreiðunum.
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 12 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.mk 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Íbúðarhús, Esjan og veiðisvæði í Leirvogsá.
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já. Þarfnast þó frekari skoðunar í hönnunarferli
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Svæðið er innan lögsagnarumdæmis Rvk

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
			og í eigu Reykjavíkurborgar.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Er efnistökusvæði E4 skv. aðalskipulagi.

7. Reynisvatnsheiði, norðan Langavatns



FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Fristundalóðir eru við Langavatnsveg á þessu svæði.
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Háð útfærslu. Bæir og kirkja innan áhættusvæðis.
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Að hluta raskað. Uppbygging gæti haft neikvæð áhrif á landslag og ásýnd
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Já. Sumarbústaðir í kring og Langavatn (útivist). Kirkja á lóðinni á móti. Reiðleið í gegnum svæðið.
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Já
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Ekki í óbyggðum víðernum en líklegt að fólk fari inn á svæðið til að upplifa kyrrð
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu– eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Engin votlendissvæði að sjá. Svæðið einkennist af skógrækt og lúpínubreiðum. Ekkert sem bendir til þess að fuglalíf sé með hátt verndargildi. Þó má gera ráð fyrir að það séu fuglar á Langavatni.
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 8 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Ágætar. Malbik endar rétt ofan við Grafarholt. Þar tekur við malarvegur. Byggja þyrfti upp aðkomuveg að svæðinu.
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.mk 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Kirkja, sumarbústaðir, útivist við Langavatn
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já. Krefst þó frekari athugunar við hönnun.
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Á svæðinu eru fristundalóðir við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
			Langavatnsveg í eigu einkaaðila.
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Er opið svæði OP15 í aðalskipulagi. Er hluti græna trefilsins.

8. Reynisvatnsheiði, sunnan Langavatns



FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
Umhverfisþættir	Hljóðvist	Mun hljóðstig fara umfram leyfileg viðmiðunarmörk á viðeigandi svæði?	Gæti verið vandamál vegna frístundabyggðar til norðurs og frístundalóða sem þar eru.
		Er þörf á að reistar séu hærri hljóðmanir á svæðinu heldur en venjulega? Ef svo er, býður svæðið upp á slíkt?	Nei
	Öryggi	Stafar almenningi hætta af starfseminni á svæðinu?	Þarfnast útfærslu. Á svæðinu eru bústaðir og byggingar tengdar flugvelli fyrir svifflugvélar sem er á svæðinu
	Landslag og sjónrænir þættir	Er svæðið á þegar röskuðu landsvæði?	Lítið raskað. Uppbygging gæti haft neikvæð áhrif á landslag og ásýnd


Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

FLOKKUR	UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVÖR OG ATHUGASEMDIR
	Aðliggjandi landnotkun/útivistargildi svæða	Eru vinsæl útivistarsvæði, sumarhús eða dalverpi í nálægð svæðisins?	Já. Sumarbústaðir í kring og Langavatn (útivist). Reið- og gönguleið í gegnum svæðið. Flugvöllur á svæðinu.
		Er svæðið innan Græna trefilsins?	Já
	Ósnortið svæði/kyrrlátt svæði	Er fyrirhugað svæði innan eða í nálægð við ósnortin/kyrrlát svæði?	Ekki í óbyggðum víðernum en líklega fer fólk á svæðið til að upplifa kyrrð
	Vatnsvernd	Er svæðið innan vatnsverndarsvæðis?	Nei
	Menningarminjar	Eru sérstæðar fornleifar, búsetu – eða menningarminjar á svæðinu?	Nei
	Gróðurfar og fuglalíf	Hefur svæðið hátt verndargildi, m.t.t. gróðurfars og fuglalífs?	Engin votlendissvæði að sjá. Svæðið einkennist af skógrækt, ræktuðu landi og lúpínubreiðum. Ekkert sem bendir til þess að fuglalíf sé með hátt verndargildi. Þó má gera ráð fyrir að það séu fuglar á Langavatni.
	Önnur vernd	Nýtur svæðið eða nágrenni þess annars konar verndar?	Nei
Aðstæður fyrir starfsemi	Fjarlægð frá höfuðborgarsvæði	Er svæðið innan viðunandi marka?	Um 8 km í beinni loftlínu frá þungamiðju höfuðborgarsvæðis
	Samgöngumöguleikar	Eru góðar samgöngur á fyrirhugað svæði?	Já
	Landstærð	Er möguleiki á nægilega stóru svæði? (a.m.k. 20 ha auk öryggissvæðis, með stækkunarmöguleika upp í 40 ha)	Já
	Hæð yfir sjávarmáli	Er svæðið meira en 250 metra yfir sjávarmáli?	Nei
	Nærumhverfi	Er eitthvað í nágrenni svæðisins sem verður fyrir ónæði sökum starfseminnar?	Sumarbústaðir, útivist við Langavatn, flugvöllur og fangelsið á Hólmsheiði. Svæðið er nálægt mikilvægum lögnum frá Nesjavöllum. Hesthúsahverfi við Almannadal stutt frá svæðinu (um 2 km). Hluti af austurheiðum sem er útivistarsvæði.
	Ólympískar kröfur	Býður svæðið upp á að skotið sé til norðurs frá skotpöllum?	Já.
	Eignarhald lands	Er landið í eigu Reykjavíkurborgar?	Land í eigu RVK (Þarf að athuga betur).
	Skipulagsmál	Samræmist landnotkun núverandi skipulagi?	Nei. Flugvallarsvæði FV skv. aðalskipulagi og þarna er fisflugvöllur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

